

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 45/2025**2025/EES/38/03****frá 14. mars 2025****um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2609 frá 7. október 2024 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir naprópamið, pýridaben og tebúfenpýrað í eða á tilteknum afurðum ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2612 frá 7. október 2024 um breytingu á II., III. og IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir kítósan, klópyralíð, dífenókónasól, fitueimingarleifar, flóníkamið, vatnsrofin prótín og lavandúlýlsenesíóat í eða á tilteknum afurðum ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2619 frá 8. október 2024 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir fosetýl, kalíumfosfónöt og dínatríumfosfónat í eða á tilteknum afurðum ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2633 frá 8. október 2024 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir asoxýstróbín, famoxadón, flútríafól, mandíprópamið og mefentríflúkónasól í eða á tilteknum afurðum ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2640 frá 9. október 2024 um breytingu og leiðréttingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir 1,4-dímetylnaftalín, díflúoróedíksýru, flúópyram og flúpyradífúrón í eða á tilteknum afurðum ⁽⁵⁾.
- 6) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um föður og matvæli. Ákvæði löggjafar um föður og matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 7) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætast við í 40. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/2609, 8.10.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2024/2609/oj>⁽²⁾ Stjtið. ESB L, 2024/2612, 8.10.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2024/2612/oj>⁽³⁾ Stjtið. ESB L, 2024/2619, 9.10.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2024/2619/oj>⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L, 2024/2633, 9.10.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2024/2633/oj>⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L, 2024/2640, 10.10.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2024/2640/oj>

- „– **32024 R 2609**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2609 frá 7. október 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/2609, 8.10.2024),
- **32024 R 2612**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2612 frá 7. október 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/2612, 8.10.2024),
- **32024 R 2619**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2619 frá 8. október 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/2619, 9.10.2024),
- **32024 R 2633**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2633 frá 8. október 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/2633, 9.10.2024),
- **32024 R 2640**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2640 frá 9. október 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/2640, 10.10.2024).“

2. gr.

Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 54zzy (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32024 R 2609**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2609 frá 7. október 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/2609, 8.10.2024),
- **32024 R 2612**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2612 frá 7. október 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/2612, 8.10.2024),
- **32024 R 2619**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2619 frá 8. október 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/2619, 9.10.2024),
- **32024 R 2633**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2633 frá 8. október 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/2633, 9.10.2024),
- **32024 R 2640**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2640 frá 9. október 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/2640, 10.10.2024).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) 2024/2609, (ESB) 2024/2612, (ESB) 2024/2619, (ESB) 2024/2633 og (ESB) 2024/2640, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. mars 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. mars 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.